

*Aðalfundur
Ungmennafélags
Njarðvíkur 2013*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

BOLTI GEGN BÓLI - HREÝSTI TIL HAGSÆLDAR

*Haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2014
kl. 19:30*



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Efnisyfirlit

1.0 Aðalfundur 2013

1.1 Dagskrá aðalfundar

2.0 Skýrsla stjórnar

2.1 Aðalstjórn 2012 – 2013

2.2 Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

2.2.2 Ritnefnd

2.3 Starfssemi aðalstjórnar

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

2.3.7. Ritnefnd UMFN

2.3.8 Þorablót

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

3.0 Starfssemi deilda

3.1 Knattspyrnudeild

3.2 Körfuknattleiksdeild

3.3 Massi – líksamræktar og lyftingadeild

3.4. Sunddeild

3.5 Judódeild

3.6 Þríprautardeild

4.0 Þakkarorð

5.0 Íþróttamaður og íþróttamenn Ungmennafélags Njarðvíkur 2013

5.1 Íþróttakarlar og íþróttakona UMFN 2013

5.2 Knattspyrnumaður UMFN 2013

5.3 Körfuknattleiksmaður og körfuknattleikskona UMFN 2013

5.4 Kraftlyftingarmaður og kraftlyftingarkona UMFN 2013

5.5 Sundmaður og sundkona UMFN 2013

5.6 Judómaður og judókona UMFN 2013

5.7 Þríprautarmaður og þríprautarkona UMFN 2013



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Efnisyfirlit framhald...

6.0 Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2013

- 6.1 Körfuknattleiksdeild
- 6.2 Massi – lyftingar og líkamsræktardeild
- 6.3 Sunddeild
- 6.4 Knattþyrnudeild
- 6.5 Judódeild
- 6.6 Þríþrautardeild

7.0 Heiðursviðurkenningar

- 7.1 Ólafsbikar
- 7.2 Gullmerki með lárviðarsveig
- 7.2 Gullmerki
- 7.3 Silfurmerki
- 7.4 Bronsmerki
- 7.5 Aðrar viðurkenningar

8.0 Reikningar félagsins 2013

- 8.1 Áritun bókhaldsstofu
- 8.2 Skýrsla og áritun stjórnar
- 8.3 Áritun skoðunarmanna reikninga
- 8.4 Rekstrarreikningur
- 8.5 Efnahagsreikningur
- 8.6 Sjóðsstreymisreikningar
- 8.7 Sundurliðanir

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

1.0. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins haldinn 10. apríl 2014 í Njarðvíkurskóla kl. 19:30

1.1. Dagskrá fundar

1. Fundur settur.
2.
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Skýrsla formanns
 - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2013

2. Heiðursviðurkenningar.

3. Ávarp gesta.

4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

- Kosinn formaður.
- Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára.
- Kosnir 2 varamenn.
- Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.

5. Önnur mál.

6. Fundarslit.

2.0. Skýrsla stjórnar Ungmennafélags Njarðvíkur fyrir starfsárið 2013

2.1 Ungmennafélag Njarðvíkur – aðalstjórn 2012-2013

Þórunn Friðriksdóttir, formaður
Ólafur Eyjólfsson, varaformaður
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, gjaldkeri



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Anna Andrésdóttir, ritari
Ágústa Guðmarsdóttir, meðstjórnandi
Hermann Jakobsson, varamaður
Sigríður Ragnarsdóttir, varamaður
Thor Hallgrímsson, varamaður

Skoðendur reikninga voru

Ingigerður Sæmundsdóttir
Valþór Söring
Þórður Karlsson tilvara

2.2. Nefndir á vegum félagsins

2.2.1 Þorablótsnefnd

Hlutverk nefndarinnar er undirbúningur og framkvæmd þorablóts félagsins. Í nefndinni áttu sæti; Einara Kristjánsdóttir (kkd), Gulla Olsen (kraftl), Harpa Einarsdóttir (sund), Jóna Einarsdóttir (judó), Steindór Gunnarsson (3N), Thor Hallgrímsson (knd) og Sigríður Ragnarsdóttir (aðalstjórn).

2.2.2 Ritnefnd 70 ára afmælisrit

Nefndin hefur fundað reglulega á árinu.

2.3. Starfssemi aðalstjórnar

Ungmennafélag Njarðvíkur, U.M.F.N., var stofnað í Barnaskólanum í Ytri-Njarðvík árið 1944. Á stofnfundinum voru lög ungmennafélagsins samþykkt og voru þau í mjög þjóðræknislegum anda.

Á þeim tíma var landið enn undir danskri krúnu og því kemur ekki á óvart að á stefnuskránni var m.a. að vernda íslenskt þjóðerni, vekja þjóðrækni Íslendinga og efla andlegan og líkamlegan þroska þeirra. . Fyrstu árin var 14 ára aldurstakmark fyrir inngöngu í félagið.. Árið 1952 gekk Ungmennafélagið í Ungmennafélag Íslands.

Tekin var sú ákvörðun að velja íþróttafólk deilda, bæði íþróttakarlar og íþróttakonu. Úr þeim hópi er valinn íþróttakarlar og íþróttakona UMFN

Íþróttafólk Njarðvíkur

Við erum lánsöm hjá félaginu að eiga frábæran mannauð í stjórnnum deilda félagsins. Það lýsir best þeirri eljusemi hjá stjórnarfólki þegar kemur að afkomu deilda, en allar deildir



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

sýna jákvæða afkomu og hafa tvær deildir unnir mikið þrekvirki að ná niður skuldum og snúa við fjárhag deildanna.

Á síðasta ári fékk judódeildin nýja aðstöðu og stóðu þau í ströngu að sníða húsnæðið að þörfum deildarinnar. Margar hendur komu þar að og eiga þau hrós skilið fyrir frábært starf.

Þríþrautardeildin fékk hjólaaðstöðu í Sundhöllinni Keflavík. Nú verður hægt að æfa hjóltreiddar allt árið með bættri aðstöðu.

Kraftlyftingardeildin er búin að koma sér vel fyrir í "litla massa" og unnu þar margir vaskir einstaklingar að því að gera salinn kláran til notkunnar.

Félagið hefur stækkað mikið, sex deildir eru starfræktar og mikil starfsemi og góð starfsemi hjá þeim.

Segja má að aðstaða félagsins er orðin ansi þröng, .t.a.m hafa fjórar deildir aðstöðu inni á sömu skrifstofunni. Tvær deildir eru einnig með æfingaaðstöðu hjá nágrennafélagi okkar.

Sú breyting var höfð á í ár að í stað þess að velja Íþróttamann UMFN var valið Íþróttakarlar og Íþróttakona UMFN. Einnig var ákveðið að valið skuli fara fram í lok desember í stað Aðalfundar félagsins.

Íþróttafólk UMFN 2013 voru valin Elvar Már Friðriksson og Inga María Henningsdóttir. Verðlaun voru afhent í byrjun janúar á sérstakri hátíð.

Til að drífa áfram starfssemi félagsins þarf auðvitað margar fórnfúsar hendur sem eru hér eins og alltaf færðar þakkir fyrir sitt framlag. Án þeirra væri starfsemin hvorki fugl né fiskur.

2.3.1 Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum

2.3.2 Landsmót 50+

2.3.3 Landsmót UMFÍ

Á síðasta ári var sannkallað landsmótssumar, þrjú landsmót voru haldin og áttum við þátttakendur á öllum þeirra.

Góð þátttaka var á stóra landsmótinu sem haldið var á Selfossi 4.-7. júlí, þrátt fyrir slæma veðurspá sem gekk því miður eftir. Erum við mjög stolt af þeim fjölda þátttakenda sem komu úr okkar röðum og færðu félaginu ansi mörg stig. Við áttum bæði handboltalið karla og kvenna á mótinu þrátt fyrir að engin handboltadeild sé hjá félaginu, kvennaliðið hlaut silfurverðlaun. Að vísu voru einungis tvo lið skráð til keppni.

Félagið hlaut 5. sæti í heildarstigakeppni mótsins og erum við afar stolt af því.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Landsmót 50+ verður haldið 20.-22. júní á Húsavík og Unglingalandsmótið verður á Sauðárkróki dagana 1.-4 ágúst. Við hvetjum okkar félagsfólk að fjölmenna á bæði mótin og eiga skemmtilega stund saman.

2.3.4 Sport og ævintýraskóli

Sport og ævintýraskóli fyrir börn frá 6-12 ára er orðin fastur liður hjá félaginu í uppbyggingarstarfinu. Námskeiðin tókust mjög vel undir forystu Andrésar Þórarins Eyjólfssonar íþróttافرæðings. Reykjanesbær styrkti verkefni vel og viljum við færa þeim okkar bestu þakkir fyrir. Nánar um framkvæmd verkefnisins er að finna í skýrslu forstöðumansins sem fylgir hér með.

2.3.5 Sambandsþing UMFÍ

Helgina 12.-13. október 2013 var haldið 48.Sambandsþing UMFÍ á Stykkishólmi. Fulltrúar félagsins að þessu sinni voru Ingibjörg Jóhannsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir og Thor Hallgrímsson.

2.3.6 Styrktarreglur UMFN

Aðalstjórn veitti nokkra styrki á starfsárinu í samræmi við reglur þar. Er styrkja nánar getið í ársreikningum félagsins.

- Þar sem fjölmargar styrktarbeiðnir bárust aðalstjórn ákvað stjórnin að setja ákveðnar reglur í þessu sambandi. Voru því neðangreindar reglur settar á fundi þann 22. september 2009.
- UMFN úthlutar styrkjum til afreksmanna sinna, samkvæmt umsóknum sem berast frá formönnum deilda og eru styrkhæf verkefni þátttaka í Norðurlandamótum, Evrópumótum og Heimsmeistaramótum með landsliðum Íslands ef kostnaður vegna fararinnar er ekki greiddur að fullu af viðkomandi sérsambandi.
- Styrkur vegna tímabilsins 2013-2014 hefur verið ákveðinn 25.000,- krónur.
- Aðalstjórn UMFN fjallar sérstaklega um styrki vegna Ólympíuleika.
- Deildir UMFN eru fjárhagslega sjálfstæðar samkvæmt lögum félagsins og hafa tekjur af félagsgjöldum iðkenda sinna og ágóða af íþróttamótum og öðrum fjáröflunum. Deildir félagsins bera ábyrgð á útgjöldum* sínum og er uppsafnaður rekstrarvandi er EKKI styrkhæfur.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

*Dæmi um útgjaldaliði: Kostnaður við þjálfun (laun og fræðsla), keppnisbúningar, dómgæsla, ferðakostnaður og hver sá búnaður sem þarf til æfinga og keppni.

2.3.7. Ritnefnd UMFN

Ritnefnd hefur unnið að útgáfu afmælisrits félagsins sem verður gefið út 1. desember í ár. Gífurleg vinna hefur farið fram og hafa nefndarmenn unnið öttulega að því að safna saman sögu úr heimildum félagsins.

2.3.8 Þorrablót

Þorrablót félagsins var haldið í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins þriðja árið í röð. Þessi tilhögun krefst mikils undirbúnings sem hin ágæta þorrablótnefnd leysti af hendi af miklum sóma. Félagsmenn frá öllum deildum komu að uppsetningu salarins. Hinn sanni félagsandi endurspegladist þar á glæsilegan hátt við að gera salinn eins glæsilegan og hægt var. Bæjaryfirvöld, íþróttafulltrúi, forstöðumaður íþróttahúsins og starfsfólk eiga sérstakar þakkir skyldar fyrir einstaklega gott viðmót og hjálpssemi við framkvæmdina. Blótið sjálft tókst einstaklega vel, um 400 manns sóttu það og var uppselt.

2.3.9 Fundir aðalstjórnar

Stjórn félagsins hélt 8 bókaða fundi ásamt því að stjórnarmenn sátu hina ýmsu fundi í kringi verkefnið sem unnið var að. Fastur fundartími sem er annar miðvikudagur hvers mánaðar kl. 17:15-19:00. Haldnir voru 2 fundir með formönnum deilda. Varamenn stjórnar sækja alla fundi stjórnarinnar og eru þeir því vel inn í öllum málefnum sem á baugi eru hverju sinni.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

3.0 Starfssemi deilda

3.1. Knattspyrnudeild

Reksturinn á starfsárinu 2013 gekk betur en árið 2012. Þar er helst að þakka áframhaldandi aðhaldi og að halda kostnaði við alla rekstarplætti þætti deildarinnar í lágmarki tókst að snúa rekstrinum úr verulegu tapi í hagnað á nýloknu starfsári. En framundan er mikill vinna við að afla fjár og tryggja að það fjármagn nýtist sem best og mest. Fjöldi fyrirtækja hafa helst úr lestinni á undanförunum árum en þau hafa annaðhvort verið lögð niður eða hafa ekki fjárhagslegan styrk til þess að styrkja sem stendur. Undir lok síðasta árs ákvað Landsbankinn að hætta sem aðalstyrktaraðili deildarinnar en hann tók við hlutverki Sparisjóðsins fyrir rúmum þremur árum, það var okkur mikið áfall enda um að ræða stærsta styrktaraðila deildarinnar um árabil. Því ljóst að við verðum að svipast um eftir öðrum styrktaraðila sem getur komið í stað Landsbankans. Ljóst er að þessi ákvörðun Landsbankans er ekki í samræmi við þau fyrirheit sem komu fram þegar Sparisjóðurinn yfirtekin af Landsbankanum.

Knattspyrnulega voru það vonbrigði að gengi meistaraflokks var ekki eins og vonir stóðu til, slæm byrjun og óstöðugleiki í fyrri umferð réð þar mestu um en seinni umferð deildarinnar var meiri stöðuleiki og allt annað upp á teningnum. Knattspyrnudeildin hóf á síðasta ári samstarf við nágretta okkar í Keflavík um samrekstur 2. flokks en það gaf okkur möguleika að nota leikmenn úr 2. flokki í lið meistaraflokks og breikka þann hóp sem getur spilað með meistaraflokki. Samstarfið gekk með ágætum og var ákveðið sl. haust að halda því áfram.

Yngri flokkar voru á svipuðu róli og síðustu sumur en hæst bar að B og C lið 5. flokks komast í úrslitakeppni Íslandsmóts og stóðu sig með ágætum. Iðkenda fjöldi hjá okkur hefur verið svipaður eða um 100 iðkendar í yngri flokkum, það er aðeins í 3. flokki drengja sem við eigum í vandræðum með fjöldann. Talsvert af nýjum iðkendum hafa bæst við hjá okkur frá því í haust á yfirstandandi starfsár. Keppnis og æfingastarfsemi deildarinnar var með sama sniði og undanfarin ár og er t.d starfsemi yngri flokka nánast sniðin að sumarleyfum foreldara og forráðamanna.

Deildin sá um rekstur íþróttasvæðisins samkvæmt samningi við Reykjanesbæ líkt og undanfarin ár, en um að ræða umhirðu og umsjón á grasvæði ásamt öðrum mannvirkjum. Engar framkvæmdir fóru fram á íþróttasvæðinu sl. starfsár annað en viðhald.

Deildin hófst handa við gróður setningu trjáa meðfram Afreksbrautar en það er fyrsti áfangi en markmiðið er að gróðursetja tré umhverfis svæðið allt. Styrkur fékkst til verkefnisins úr



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Pokasjóði Fríhafnarinnar. Það er von okkar að við getum haldið áfram með verkefnið á þessu ári en það er háð því að fjármagn fáiast í verkefnið.

Fjölmörg fjáröflunarverkefni eru ávallt í gangi en þar ber hæst hið árlega Fiskihlaðborð deildarinnar sem ávallt er hið glæsilegasta, stórhappdrætti þar sem gengið var í hús og miðar seldir. Mótshald í Reykjaneshöll er stærsta einstaka fjáröflunarverkefni barna og unglingaráðs.

Við viljum við þakka öllum foreldrum, forráðamenn, þjálfurum, iðkendum og öllum þeim fjölmörgu aðilum og fyrirtækjum sem hafa aðstoðað knattspyrnudeildina til þess að starfið gæti gengið sem best. Sérstaklega vill knattspyrnudeildin þakka öllum þeim aðilum sem skipa nefndir og ráð og vegum deildarinn fyrir mikið og óeigingjarnt framlag.

Af alhug þökkum við þeim fyrir vinnuframlag sem seint verður metið.

Stjórn Knattspyrnudeilar UMFN

Stjórn deildarinnar 2013 skipuðu eftirtaldir:

Arngrímur Guðmundsson formaður, Ólafur Thordersen varaformaður, Guðmundur Sæmundsson, og Jón Kristjánsson.

Barna- og unglingaráð skipuðu:

Ráðið var ekki starfrækt en framkvæmdastjóri og yfirþjálfari yngri flokka sáu um hlutverk ráðsins.

Meistaraflokksráð skipuðu;

Guðmundur Sæmundsson, og Jón Kristjánsson störfuðu í meistaraflokksráði.

Framkvæmda- og vallarstjóri:

Leifur Gunnlaugsson

Þjálfarar

Alls störfuðu 13 þjálfarar hjá okkur á starfsárinu:

Meistaraflokkur; Gunnar Magnús Jónsson og Guðmundur Steinarsson

2. Flokkur; Haukur Benediksson og Óskar Rúnarsson

3. Flokkur; Hjörtur Fjeldsted.

4. Flokkur; Ingi Þór Þórisson.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

- 5. Flokkur; Rafn Markús Vilbergsson.
- 6. Flokkur; Þórir Rafn Hauksson
- 7. Flokkur; Ingi Þór Þórisson
- 3.-4. Flokkur st; Styrmir Gauti Fjeldsted
- Yfirþjálfari yngri flokka; Rafn Markús Vilbergsson
- Markmannsþjálfari; Sævar Júlíusson.
- Aðstoðarþjálfarar; Ari Már Andrésón.

Helstu viðurkenningar á árinu
Knattspyrnumaður UMFN 2013; Theódór G. Halldórsson
Meistarflokkur
Leikmaður ársins; Theódór G. Halldórsson
Markahæstur; Theódór G. Halldórsson
Efnilegasti leikmaðurinn; Styrmir Gauti Fjeldsted
Viðurkenning fyrir 50 leiki;
Garðar Sigurðsson
Viðurkenning fyrir 100 leiki;
Ísleifur Guðmundsson
Viðurkenning fyrir 150 leiki;
Rafn Markús Vilbergsson
Viðurkenning fyrir 250 leiki;
Árni Þór Ármannsson

Íþróttasvæðið

Leikir á Njarðtaksvelli	34 leikir
Leikir á æfingasvæðinu	3 leikir
Alls leikir	37 leikir

Alls leikir á íþróttasvæðinu frá 2007 312 leikir

Æfingar

Flokkar Knattspyrnudeildar Njarðvíkur yfir 500 æfingar.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

3.2. Körfuknattleiksdeild

Starfsár stjórnar körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur er búið að vera viðburðaríkt og rekstur félagsins hefur gengið mjög vel. Einar Árni Þjálfaði karlalið félagsins og vonir voru bundnar við gott gengi liðsins sem hefur komið á daginn. Með tilkomu Loga Gunnars, kom reynsla sem liðinu hefur vantað og strákarnir hafa skipað sér í hóp meðal 4ra bestu liða landsins í fyrsta skipti í mörg ár. Stelpuliðið okkar hóf tímabilið með Nigel Moore sem þjálfara og var gengi liðsins framan af móti slakt. Agnar Mar Gunnarsson tók við stjórn liðsins af Nigel ásamt því að skipt var um kvennakana og gengi liðsins batnaði til muna, en því miður var hlutskipti þeirra að falla um deild þrátt fyrir hetjulega baráttu. Þegar fráfarandi stjórn tók við rekstri deildarinnar í maí 2012 var fjárhagur deildarinnar erfiður og skuldir félagsins nærri 20 milljónum króna. Við erum stolt af því að hafa náð með mikilli vinnu að koma fjárhagnum á réttan kjöl og rekstur deildarinnar til lengri tíma lítur mjög vel út. Stjórn deildarinnar vill koma á framfæri þakklæti til þeirra fjölmörgu sem leggja hönd á plóg við rekstur deildarinnar. Við erum ríkt félag af mannaúð, sem sést best á miklum fjölda fólks sem leggur lóð á vogaskálarnar og vinnur frábært og fórnfúst sjálboðaliðastarf félaginu okkar til heilla. Við óskum nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi og vonumst til að félagsmenn okkar fylki liði á bak við þau sem fyrr og hjálpi til við að gera gott félag enn betra.

Með vinsemd og virðingu.

Friðrik Ragnarsson fráfarandi formaður kkd Njarðvíkur

Skýrsla unglingaráðs.

Starfsemi unglingaráðs var með nokkuð hefðbundnum hætti tímabilið 2012-2013. Stærstu verkefni unglingaráðs fyrir utan hefðbundið mótahald og æfingar voru Nettómót ásamt því að vera með umsjón á hátíðarsvæði á Ljósanótt sem er samstarfsverkefni með unglingaráði Keflavíkur.

Einar Árni Jóhannson hefur starfað sem yfirþjálfari yngriflokka félagsins síðastliðin 5 ár en aðrir þjálfarar í yngri flokkum félagsins eru Agnar Mar Gunnarsson, Bylgja Sverrisdóttir, Gísli Gíslason, Lárus Ingi Magnússon, Jóhannes Albert Kristbjörnsson, Elvar Már Friðriksson, Svava Stefánsdóttir, Ágúst Orrason, Snorri Hrafnkelsson og Eygló Alexandersdóttir.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Starfsemin hefur verið að eflast og iðkendur eru ríflega 200 í ár. Sumaræfingar eru orðnar fastur liður, sem og afrekshópur sem að æfir undir stjórn yfirþjálfara. Ólafur Hrafn Ólafsson styrktarþjálfari starfar nú hjá deildinni en hann vinnur með elstu iðkendur félagsins.

Fjórir stórir titlar komu í hús tímabilið 2012-2013:

Íslandsmeistarar í unglingsflokkum karla - þjálfari: Einar Árni Jóhannsson

Íslandsmeistari í drengjaflokkum - þjálfari: Jóhannes Kristbjörnsson

Íslandsmeistari í 10.flokkum drengja - þjálfari: Einar Árni Jóhannsson

Bikarmeistari í 10.flokkum drengja - þjálfari: Einar Árni Jóhannsson

3.3. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Skýrsla stjórnar

Hér verður stiklað á því markverðasta sem árið 2013 bar í skauti sér fyrir okkur Massafólk.

Óhætt er að segja að 2013 hafi verið ár breytinga og ber þar helst að nefna að undirritaður tók við sem formaður og Gunnlaug Olsen tók sæti gjaldkera af Hauki Guðmundssyni sem hafði séð um fjármál deildarinnar frá upphafi af stakri þryði.

Stjórn Massa var falið á síðasta aðalfundi það verkefni að auka samstarf við aðalstjórn varðandi rekstur á “stóra salnum” eða þann hluta sem snýr meira að almennum iðkenndum. Sú vinna fór hægt af stað og tók í raun ekki almennilega við við sér fyrr en “litli Massi” var tekinn í notkun.

Á þessu ári verða svo enn frekari breytingar og mætti þar nefna talnalása inn í litla og stóra Massa og tölvukeyrt iðkenndakerfi svo eitthvað sé nefnt.

Nú er vinna við útfærslu á samstarfinu í fullum gangi og hefur sú vinna verið fyrst og fremst í höndum formanns og gjaldkera fyrir hönd Massa og framkvæmdastjóra og varaformanns U.M.F.N fyrir hönd aðalstjórnar.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Allir sem að koma eru með það eitt að markmiði að rekstur Massa sé færður til nútímans og kraftlyftingaiðkenndum sé gert kleyft að æfa við bestu mögulegu aðstæður í húsinu án þess að vera með súrefnisþjófana fyrir sér.

Rekstur Massa hefur sjaldan verið eins þungur og á árinu 2013 enda innkoman í minnsta lagi. Líklegast eru margar skýringar á því og glæsilegt Sporthúsið líklega ein þeirra. En það sem kannski hefur sviðið mest er að margir iðkenndur hafa séð sér leik á borði í því opna kerfi sem hefur verið frá upphafi og einfaldlega ekki greitt gjöldin sem er frekar sorglegt í ljósi þess að þetta eru ekki nema 1500kr á mánuði fyrir þá sem greiða árið í heild sinni. Tölvukerfið og talnalásarnir munu girða fyrir alla misnotkun og veita okkur sem stöndum í rekstri Massa dýrmætar upplýsingar um iðkun, innkomu, álagstíma og svo framvegis.

Að öllu léttari og skemmtilegri hlutum.

Þorvarður Ólafsson var valinn lyftingamaður ársins en eins og síðustu ár þá komu nokkrir til greina en eftir lýðræðislega kosningu stjórnar og varamanna þá stóð Þorvarður eftir með flest atkvæði og óskum við honum enn og aftur innilega til lukku með titilinn.

Aðalstjórn U.M.F.N ákvað að íþróttakona hveðrar deildar skildi líka valin. Eftir skoðun á afrekum ársins varð Inga María Henningsdóttir okkar kona fyrir valinu og er vel að því komin. Skemmtileg nýbreytni og vonandi hvatning fyrir konur og stúlkur að sjá og finna að þær eru metnar að verðleikum í þessu karlaveldi sem kraftlyftingar hafa alltaf verið.

Inga María gerði svo enn betur og var valin íþróttakona U.M.F.N sem er mikill heiður bæði fyrir hana og okkur í Massanum.

Mótahald Massa var lítið á árinu enda mótaskrá Kraft með miklu meira en nóg fyrir alla sem ætla sér að keppa hvort heldur er í kraftlyftingum með eða án búnaðar. Íslandsmótið var haldið hér í ljónagryfjunni eða annarri hæð Massa eins og sumir kalla það og var það mál manna að mótið hefði verið glæsilegt. Mótið var vel mannað og skipulagt að öllu leiti en svona mót er ekki hægt að halda nema með samstilltu átaki okkar fólks og er undirritaður mjög þakklátur fyrir aðstoðina og verkviljann hjá okkar fólki þegar kemur að mótahaldi af þessari stærðargráðu sem Íslandsmótið er.

Aflraunamótið sem Massi hefur haldið sleitulaust síðan 2003 féll niður vegna skorts á keppendum þrátt fyrir auglýsingar í útvarpi, staðarblöðum og hinum ýmsu samfélagsmiðlum en skal hafið eftir þau orð sem undirritaður lét falla þegar ljóst varð að ekki yrði af keppninni um Sterkasta mann Suðurnesja vegna keppendaleyfis og vonar undirritaður að mönnum vaxi þungur til að skrá sig fyrir komandi ljósanótt.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Ein keppnisferð var farin á erlenda grundu þ.e.a.s til höfuðborgar Tékklands.

Þeir Daði Már Jónsson og Sindri Freyr Arnarsson voru fulltrúar Massa í landsliði Íslendinga en ásamt þeim fór undirritaður sem aðstoðar landsliðsþjálfari og Gunnlaug sem liðstjóri. Ferðin var skemmtileg og lærdómsrík bæði fyrir keppendur og aðstoðarfólk. Sindri átti góðan dag í Prag og setti íslandsmet í hnébeygju 185kg. Bekkpressu 140kg og samanlögðu 515kg í -66kg flokki unglunga. Glæsilegur árangur og vonandi að Sindri fari nú að frelsast af krossfitólympískraveirunni og mæti aftur í sannleikann með okkur.

Það myndi æra óstöðugan að ætla að telja upp árangur okkar fólks hérna en það er fjöldinn allur af íslandmetum, persónulegum sigrum og framúrskarandi bætingum sem vert er að kynna sér á síðum kraft.is og látum við útprentanir af einhverjum þessum síðum fylgja hér á eftir.

Að lokum vil ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í starfi Massa með einum eða öðrum hætti hvort heldur sem keppendur, starfsmenn eða bara vinna við aðstöðu Massa í hvaða mynd sem er, að ógleymsdu samstarfi við deildir og aðalstjórn U.M.F.N

Framtíðin er björt og hefur Gulla t.d lyft grettistaki varðandi fjármögnun fyrir deildina en betur má ef duga skal og ég skora á alla sem vettlingi geta valdið að taka þátt í starfinu því þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta deildin okkar og án okkar verður hún ekki að neinu.

Með vinsemd og virðingu

Formaður Massa

Sturla Ólafsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

3.4. Sunddeild

Skýrsla stjórnar

Sundárið hefur gengið vel hjá Sunddeild UMFN. Deildin fékk á árinu endurnýjun viðurkenningar sem fyrirmyndardeild frá Íþróttasambandi Íslands. Það þýðir að deildin uppfyllir allar þær kröfur sem ÍSí gerir til íþróttadeilda í barna og unglíngastarfi. Að vera fyrirmyndardeild er gæðaviðurkenning sem við í stjórninni erum stolt af. Sunddeildin starfar í nánu sambandi við Sunddeild Keflavíkur undir merkjum Sundráðs ÍRB og starfa deildirnar saman sem eitt lið. Njarðvíkingar eiga að vera stoltir af þessu samstarfi og árangri sundliðs ÍRB. Saman erum við besta aldursflokkalið landsins og þetta góða samstarf gefur gott fordæmi um hvernig hægt er að vinna saman á uppbyggilegan hátt. Stjórnirnar tvær vinna saman sem ein, foreldrahópurinn er eitt stórt stuðningslið og krakkarnir allir liðsfélagar. Liðið okkar er ungt en afar efnilegt, til dæmis eru allir iðkendur Sunddeildar Njarðvíkur í dag enn á grunnskólaaldri.

Skipulag starfsins er í nokkuð föstum skorðum og var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ýmislegt er gert til þess að brjóta upp hefðbundnar æfingar hjá iðkendum á öllum aldri. Sú nýbreytni var tekin upp síðasta vetur að óska eftir sjálfboðaliðum úr hópi foreldra til þess að skipuleggja ýmislegt skemmtilegt fyrir krakkana til þess að efla liðsandann í hópunum. Vel tókst til og því var þessu haldið áfram núna í haust. Fulltrúar hvers æfingahóps hittust á haustdögum á Kaffitári og ræddu saman um skipulag vetrarins. Það er skemmtileg tilbreyting fyrir krakkana að hittast utan hefðbundins æfingatíma. Margt sniðugt hefur verið gert eins og til dæmis vorferð á sveitabæ, jólahlaðborð, búningapartý, bíómaráðon og yngstu krakkarnir hafa hist í innileikjagarðinum. Hjá yngri hópum er samveran yfirleitt með foreldrum og þá gefst gott tækifæri fyrir foreldrana að kynnast.

Fyrir yngstu sundmennina höldum við hin árlegu páska- og jólamót þar sem krakkarnir fá tækifæri til þess að æfa sig í því að keppa. Auk þess eru æfingadagar skipulagðir þrisvar á vetri þar sem yngstu krakkarnir sem keppa á mótum æfa saman í stóru lauginni. Fyrir unglíngana eru haldin ýmis lítil mót þar sem markmiðið er að ná lágmarkum inn á stærri mót eða slá met. Stærsta mótið sem við höldum árlega er Landsbankamótið, í ár voru um 530 keppendur úr 14 liðum af öllu landinu sem tóku þátt. Við erum orðin vel þjálfuð í mótahaldi og gekk mótið ljómandi vel. Mótið er þriggja daga mót þar sem yngstu iðkendurnir keppa á föstudegi. Dagurinn endar á því að allir fá þátttökuverðlaun og fara í sjóræningjaleik í Vatnaveröld. Á laugardegi og sunnudegi keppa 10 ára og eldri og eru þá veitt verðlaun í aldursflokkum. Krakkarnir okkar stóðu sig frábærlega og rökuðu inn verðlaunum. Mikill fjöldi iðkenda víðs



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

vegar að gistir og er í fæði hjá okkur en mótið er ein mikilvægasta fjáröflun okkar. Þetta er eitt stærsta sundmót ársins á landinu öllu og ekki væri hægt að halda slíkt mót án þess að hafa dyggan stuðning foreldra og aðila í samfélginu okkar. Foreldrar, starfsfólk í Vatnaveröld, Myllubakkaskóla, Holtaskóla og Skólamatar eiga miklar þakkir skildar sem og stuðningsaðilar okkar; Landsbankinn, Nettó, Reykjanebær og Sigurjónsbakarí.

Stuðningur foreldra er ómetanlegur fyrir starfið og við hvetjum foreldra til þess að vera virkir, prófa að vinna á mótum, bjóða sig fram í skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd eða stjórn. Við erum afar glöð hve margir foreldrar eru tilbúnir til þess að leggja hönd á plóginn og vil ég færa þeim þakkir fyrir hönd deildarinnar. Þátttakan er þó ekki bara mikilvæg fyrir deildina hún er líka mikilvæg fyrir sundmennina. Á mótunum og í foreldrastarfinu kynnast foreldrar og þeir komast meira inn í íþróttina það getur auðveldað þeim að vera hinn mikilvægi stuðningur sem sundkrakkar þurfa á að halda.

Einu sinni á ári höldum við sannkallaða verðlaunahátíð, Lokahóf ÍRB. Eins og undanfarin ár var hófið 2013 haldið í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Suðurnesja og ríkti þar mikil gleði enda margir sem fengu verðlaun fyrir ástundun, framfarir og árangur allt frá pínulitlum Sprettfiskum til stóru fyrirmyndanna í Landsliðshóp.

ÍRB var með lið á 5 sundmótum á vegum Sundsambands Íslands á árinu og var árangurinn afar glæsilegur. Hið fyrsta af þessum mótum var Íslandsmeistaramót í 50 m laug (ÍM50) sem haldið var í apríl. Lið okkar var skipað 30 sundmönnum og voru 8 þeirra úr Njarðvík. Liðið vann 2 gull, 8 silfur, 10 brons og í 13 skipti var liðsfélagi okkar í fjórða sæti.

Í júní var komið að Unglingameistaramóti Íslands (UMÍ) og Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ). UMÍ var haldið í fyrsta sinn en þeir aldursflokkar sem þar keppa hafa þar til nú verið elstu aldursflokkarnir á AMÍ. Á UMÍ vorum við með flesta verðlaunahafa á mótinu. ÍRB vann 64 verðlaun, 27 gull, 26 silfur og 11 brons.

AMÍ var haldið á Akureyri að þessu sinni. Lið ÍRB vann stigakeppnina með mjög miklum yfirburðum og er óhætt að segja að okkar krakkar hafi mokað inn verðlaunum. Við unnum 71 gull, 42 silfur og 2 brons, samtals 142 verðlaunapeninga. Í lok mótsins vorum við með samtals 1016 stig en í öðru sæti varð Ægir með 563 stig og SH í því þriðja með 365 stig. Í liðinu voru tíu krakkar úr Njarðvík og voru þau iðin við að safna stigum fyrir liðið og vinna verðlaun í hinum ýmsu sundgreinum. Á lokahófi AMÍ hlaut Sunneva Dögg Friðriksdóttir þann heiður að fá Ólafsbikarinn sem veittur er þeim sundmanni sem þykir skara fram úr.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Íslandsmeistaramót í 25 m laug (ÍM25) var haldið í nóvember en lið ÍRB var hið fjölmennasta liðið á mótinu. ÍRB þrefaldaði fjölda verðlauna síðan 2012 en okkar sundfólk vann samtals 41 verðlaun á mótinu og vann ÍRB flest verðlaun bæði í karla og kvennaflokki. Við áttum næstflesta Íslandsmeistara karla og vorum í þriðja sæti í fjölda Íslandsmeistara kvenna, þetta er mjög góður árangur hjá okkar unga liði en í heildina vorum við með 31% allra verðlauna sem veitt voru á mótinu.

Bikarmót Sundsambands Íslands var síðasta SSÍ sundmót ársins. Liðið stóð sig með glæsibrag eins og áður. Við sendum 36 keppendur í þremur liðum á mótið; kvenna- og karlalið í 1. deild og kvennalið í 2. deild. Árangurinn lét ekki á sér standa og urðum við bikarmeistarar kvenna í 1. og 2. deild og karlaliðið okkar varð í 2. sæti í 1. deild.

Tvær sundkonur úr Njarðvík náðu í landsliðsverkefni á árinu. Sunneva Dögg Friðriksdóttir keppti á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir keppti á Norðurlandameistaramóti Æskunnar (NMÆ). Sunneva Dögg setti á árinu Íslandsmet í flokki 13-14 ára 1500 m skriðsundi í 50 m laug og í 25 m laug. Boðsundsveitir ÍRB hafa einnig verið öflugar og náð þó nokkrum Íslandsmetum í ýmsum aldurshópum. Fjölmörg ný Njarðvíkurmet hafa verið sett á árinu í öllum aldursflokkum og voru sum metanna orðin nokkuð gömul.

Á Landsmóti UMFÍ sem haldið var á Selfossi kepptu fjórar stúlkur á aldrinum 9-13 ára. Stelpurnar stóðu sig vel í kuldanum og höfðu gaman af því að taka þátt í mótinu.

Við tókum þátt í fjölmörgum minni mótum eins og til dæmis Akranesleikunum, Gullmóti KR, Stórmóti SH og Vormóti Fjölnis með sundmenn á ýmsum aldri. Sigrarnir eru margir og ekki hægt að telja þá alla upp. Það sem mestu máli skiptir er hinn sanni íþróttandi, ánægja, samheldni og vinátta. Okkur er það hugfólgið að skapa góðan anda í hópunum og að allir fái að njóta sín. Við getum verið stolt af liðinu okkar bæði sameiginlegum árangri ÍRB og árangri krakkanna í sunddeild UMFN. Miklar framfarir eiga sér stað sem sést á miklum fjölda nýrra Njarðvíkurmeta og frábærum árangri ÍRB liðsins á stórmótum. Það verður spennandi að fylgjast með liðinu næstu árin.

Við leggjum mikla vinnu og metnað í að gera starfið sýnilegt. Heimasíður okkar eru afar virkar og líða ekki margir dagar milli þess sem eitthvað þar er uppfært. Eftir hvert sundmót streyma inn upplýsingar um ný met, úrslit, stöðu í hvatningarkerfi og hverjir hafa náð í hin ýmsu verkefni. Við erum með facebook síðu sem er mjög mikið notuð til að koma upplýsingum á framfæri t.d. setja inn fréttir af heimasíðum, fróðlegar greinar og myndbönd en ekki síður til samskipta við foreldra t.d. svara fyrirpurnum um æfingatíma, óskilamuni eða annað sem foreldrar þurfa að fá upplýsingar um. Rósin í hnappagatinu er svo Ofurhugi, fréttabréfið okkar



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

sem er gefið út mánaðarlega með fréttum, myndum, listum yfir ný met, sundmenn mánaðarins og ótal mörgu öðru fróðlegu. Þess má geta til upplýsingar fyrir þá sem ekki vita að á forsíðu heimasíðu sunddeildar Njarðvíkur er sér flipi þar sem sjá má ný og eldri tölublöð Ofurhuga.

Stærstu styrktaraðilar okkar, Landsbankinn, Speedo og Nettó eiga þakkir skyldar fyrir stuðning sinn en án þeirra væri útilokað að halda reka starfið í núverandi mynd. Ekki er síður mikilvægt að geta státað af metnaðarfullu liði þjálfara, samheldininni stjórn, virkum foreldrum og síðast en ekki síst glöðum og duglegum sundmönnum sem saman gera liðið okkar að frábæru sundliði. Öllum í þessum hóp færum við kærar þakkir fyrir sitt framlag.

Harpa Einarsdóttir
Formaður Sunddeildar UMFN.

3.5 Judódeild

Skýrsla stjórnar

Margt skemmtilegt hefur gerst frá síðasta aðalfundi og ætla ég að tæpa á því stærsta sem gerst hefur á árinu 2013.

Ný stjórn með kröftugu fólki tók til starfa eftir síðasta fund þar sem flestir voru nýjir fyrir utan að formaður var kosinn til tveggja ára.

Árið fór rólega af stað en það fyrsta sem var ákveðið var að æfingar skyldu áfram verða gjaldfrjálssar eins og hafði verið frá upphafi. Breyting varð þó á því að haustið 2013 tók Reykjanesbær aftur upp svokallaðar hvatagreiðslur. Á sama tíma ákvað stjórn deildarinnar að æfingagjöld yrðu þau sömu og hvatagreiðslurnar eða 9.000 kr. Þannig að var stuðlað að betri fjárhag deildarinnar og að áfram fengju allir að æfa á mikils tilkostnaðar.

Við tóku svo fjáraflanir þar sem ráðist var í kjötsölu, kaffisölu á Barnahátíð, sala á Ljósanótt, salernis- og eldhúsrúllusala, bingó og sala á jólatengdum vörum. Sleepover sem var prufað í fyrsta skipti og tókst með ágætum. Ákveðið var að þeir iðkendur sem ætla að fara á mót og æfingabúðir á erlendri grundu gætu notað þessar fjáraflanir til að greiða niður kostnað við ferðina.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Farið var í æfinga- og keppnisferð til Lundar í Svíþjóð í byrjun maí. Þar fóru 6 keppendur og 5 fararstjórar. Ferðin heppnaðist með eindæmum vel og fengu þeir iðkendur sem fóru mjög mikið út úr ferðinni. Bæði hvað varðar ævintýri og ekki síst þjálfun hjá mörgum af bestu þjálfurum heims og æfingu í að keppa við aðra júdóiðkendur í heimsklassa. Ætlunin er að fara í aðra ferð núna í lok maí.

Hjá deildinni starfa núna 5 þjálfarar, 2 íþróttافرæðingar manna með svartabeltið í júdó og hin í taekwondó, 1 svartbeltingur í júdó auk 2 einstaklinga sem eru í þjálfun hjá ÍSÍ og svartbeltingum deildarinnar. Enn vantar okkur kvenkyns-þjálfara og erum við í stöðugri leit af slíkum fyrir kvenkyns iðkendur deildarinnar.

Margir góðir styrktaraðilar styrktu okkur 2013 og þar má meðal nefna, HS Orku og HS Veitur, Securitas, VÍS, Efla, SBK og ótal fleiri fyrirtæki og einstaklingar. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir sýndan stuðning.

Júdódeildin vann fjölmarga titla á árinu.

Ingólfur Rögnvaldsson varð Íslandsmeistari í Júdó 11-12 ára

Bjarni Darri varð annar á Íslandsmóti í Judo, Landsmótsmeistari í JUDO, Íslandsmeistari í Brazilian Jiu jitsu, Íslandsmeistari í Taekwondo, Íslandsmeistari í Íslenskri Glímu og Valinn í Landsliðið í Axlatökum. Hann er einnig kominn í Landsliðið í Júdó.

Sóley Þrastar varð Íslandsmeistari í BJJ og Önnur á Íslandsmeistaramótinu í Taekwondo.

Hafþór Árni Hermannson varð Íslandsmeistari í BJJ.

Halldór Logi Sigurðsson varð Íslandsmeistari í BJJ og annar á Íslandsmóti í JUDO

Izabella Luiza varð Íslandmeistri í BJJ.

Svanur Þór Mikaelson varð Íslandsmeistari í BJJ.

Michael Martin Davíðsson varð Íslandsmeistari í BJJ.

Egill Blöndal varð Íslandsmeistari í bjj í sínum flokki og í Opnum flokki.

Guðmundur Stefán Gunnarsson varð Íslandsmeistari í BJJ og landsmótsmeistari í Judo.

Björn Lúkas Haraldsson varð Íslandsmeistari í sínum flokki í Bjj og sigraði Mjölni Open.

Hermann Unnarsson varð Landsmótsmeistari í JUDO.

Júdódeildin varð Bikarmeistari liða í unglíngaflokki í júdó.

Júdódeildin varð stigahæsta liðið á Íslandsmeistaramótinu í BJJ.

Var stigahæsta liðið á stærsta barna og unglíngamóti Íslands, Afmælistmóti JR

Á hilleröd unnum við Halldór Logi Gull Gunnar Örn Guðmundson yngri Brons, Bjarni Darri Brons



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Í lokinn vill ég svo þakka öllum stjórnarmönnum, foreldrum og öðrum sem komu með einum eða öðrum hætti að starfi deildarinnar á árinu 2013. Sjálfboðavinna margra gerir stórt verk auðvelt og skemmtilegt. Með þeim orðum vill ég hvetja alla sem áhuga hafa að koma og starfa með okkur á nýju ári því skemmtilegra og meira gefandi starf er erfitt að finna í dag.

Takk fyrir,
Björgvin Jónsson
Formaður Judódeildar

3.6 Þríþrautardeild

Skýrsla stjórnar

Þríþrautardeild UMFN hefur lokið enn einu starfsári. Þá eru liðin þrjú ár frá stofnun deildarinnar þann 17. febrúar 2011. Sami kjarnahópurinn hefur starfað innan deildarinnar nánast frá upphafi og hefur heldur verið að bæstast í hópinn á liðnu starfsári. Nýjir meðlimir bæstast enn við og þó einhverjir hverfi frá er hægt að sjá fjölgun í heildina og er hægt að þakka því sveigjanleika stjórnar deildarinnar sem hefur sífelld verið að leita nýrra leiða til að efla og bæta starfið. Það hefur því hvergi verið vikið frá upphaflegri stefnu deildarinnar um að gera þríþrautardeildina að sterkri almenningsíþróttadeild fyrir íbúa Reykjanesbæjar.

Mótahald deildarinnar er komið í nokkuð fastar skorður. Við höfum haldið Reykjanesmótið í götuhjólreiðum í apríl ásamt Sprettþraut deildarinnar seinnihluta ágúst mánaðar. Þá var bætt við keppni í Marbendli, sem er tvíþraut sem skiptist í sjósund og hlaup.

Þorláksmessusundmótið var á sínum stað og einnig Klemminn sem hlaupinn er á Gamlársdag, en þau tvö mót hafa ekki verið með eins formlegu sniði. Mótahald hefur allt staðið undir sér og skilað deildinni svolitlum tekjum, en stefna hefur verið tekin í því að fá styrktaraðila á öll mót deildarinnar til að auka tekjuöflun á því sviði. Þá hafa komið hugmyndir frá félagsmönnum um frekara mótahald og verður vikið að því þegar þau mót sem þegar eru haldin hafa fengið styrktaraðila. Mótahald deildarinnar var allt til fyrirmyndar á liðnu ári og hefur deildinni verið hrósað í hvívetna. Það má ekki gleyma því að mótahaldi fylgir mikil vinna og álag sem leggst að mestu á stjórnarmenn og fyrir þessa vinnu, sem öll er unnin í sjálfboðastarfi, vil ég þakka af heilum hug.

Einn stjórnarmaður deildarinnar, Sverrir Magnússon, á enn sæti í Þríþrautarnefnd ÍSÍ, en það er seinna árið af hans kjörtímabili þar sem kjörið er til tveggja ára í senn. Sverrir hefur annast samskipti deildarinnar og Þríþrautarnefndarinnar, ásamt því að koma hugmyndum innan okkar raða á framfæri innan nefndarinnar.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Um síðastliðin áramót var æfingatöflu deildarinnar breytt talsvert og bætt við æfingum. Þá var bætt við þjálfara á allar auglýstar æfingar deildarinnar. Þetta var sérstaklega til að auka markvissa þjálfun fyrir félagsmenn og einnig til að hafa einhvern til staðar til að taka á mótí nýjum meðlimum. Í dag er deildin með auglýstar tvær sundæfingar á viku, tvær hjólaæfingar og tvær hlaupaæfingar ásamt teygjutíma. Í heildina er æfingatafla deildarinnar því að minnsta kosti 8 klukkustundir ásamt aukaæfingum sem þjálfarar setja iðkendum fyrir og svo tíma sem deildin á fyrir sína iðkendur þar sem þeir geta mætt án þess að æfingin sé sérstaklega auglýst, þar sem þjálfari er ekki til staðar. Iðkendur deildarinnar hafa því hæglega haft aðstöðu til að æfa yfir 20 klukkustundir á viku og hæfir það vel þeim sem sækja lengri vegalengdir þríþrautar. Teygjutímar hafa verið settir á föstudögum og á enn eftir að fínþússa útfærslu þeirra tíma, bæði varðandi tímasetningu og þjálfun. Styrktarþjálfun hefur verið í boði í aðstöðu Massa fyrir virka félagsmenn, þó aðstaðan hafi verið lítið notuð af okkar fólki. Þá hafa einnig verið breytingar á þjálfurum. Sigurbjörg Gunnarsdóttir tók við sem sundþjálfari deildarinnar, Ingi Þór Einarsson byrjaði sem áður sinnti sundþjálfun byrjaði sem hjólaþjálfari, en sú staða hefur ekki verið markvisst til staðar. Örnólfur Oddsson tók við sem hlaupaþjálfari af Guðbjörgu Jónsdóttur. Ingi Þór Einarsson sinnir einni starfi yfirþjálfara og stýrir hann æfingaálagi milli vikna með samskiptum við aðra þjálfara og sinnir iðkendum með sín markmið.

Síðasta sumar var farið í sjósund eftir hentugleika iðkenda. Sumarið var kalt, svo sjósund var fátíðara en sumarið áður. Fólk hópaði sig saman þegar hisst var á æfingum eða með notkun fésbókar. Æfingatímar í sjó fara mikið eftir sjávarföllum og því erfitt að setja fasta æfingatíma. Aðstaða til sjósundiðkunnar er engin og hefur bærinn ekkert gert fyrir deildina í þeim efnum, þrátt fyrir beiðnir um hreinsun, heita laug og skúr fyrir búningsaðstöðu.

Deildinni var útlhlutað húsnæði í september á síðasta ári. Sinn tíma tók að lagfæra húsnæðið sem er útvegað af Íþrótt- og Tólmstudaráði Reykjanesbæjar. Byrjað var á að mála húsnæðið, mála merki deildarinnar, skipta um filmur í gluggum, sett voru upp hljómtæki, skjávarpi, læsingar o.fl. Allar æfingar deildarinnar eru því nú undir einu þaki og státar deildin af einni bestu aðstöðu til þríþrautariðkunnar hérlandis. Húsnæðið hefur orðið til þess að hægt var að hefja markvissar hjólaæfingar innandyrna. Þá standa einnig möguleikar opnir fyrir aðra þjálfun eins og teygjur og styrktarþjálfun, en deildin kemur til með að bæta við tækjum og tólum eftir efnum og ástæðum.

Ekki var farið í þá vinnu að útbúa félagsskírteini, né afla afsláttarkjara fyrir félagsmenn þetta starfsár. Umræðan var hefur verið tekin upp enn á ný og stendur til að koma félagsskírteinum í gagnið.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Þríþrautarfólk deildarinnar var kjörið fyrir síðasta ár. Þá var Rafnkell Jónsson kjörinn þríþrautarkarl UMFN og Þuríður Árnadóttir var kjörin þríþrautarkona UMFN. Af þeim tveimur var Rafnkell kjörinn þríþrautarmaður UMFN, annað árið í röð og um leið þríþrautarmaður Reykjanesbæjar annað árið í röð að sama skapi.

Einn fræðslufundur var haldinn á síðasta starfsári. Stjórnin hafði ákveðið fyrir rúmu ári að fækka fræðslufundum í tvo, einn fyrir áramót og einn eftir áramót. Það komst þó ekki í verk að halda nema einn og verður vonandi til úrbóta á komandi starfsári. Fundurinn var illa sóttur, enda boðað til hans með skömmum fyrirvara. Miklir möguleikar eru til staðar við slíkt fundahald og af nógu efni að taka þegar kemur fyrirlestra. Það er með þetta eins og annað; það vantar einungis tíma og krafta til framkvæmda.

Iðkendur deildarinnar voru vel sjáanlegir á mótum og kepptu á nær öllum mótum á keppnistímabili síðasta árs sem haldin voru hérlendis. Lengsta vegalengdin í þeim mótum var heill járnkarl og eignaðist deildin sína fyrstu járnkarla þegar Rafnkell Jónsson og Jón Oddur Guðmundsson luku heilum Járnkarli í Kalmar í Svíþjóð í ágúst á síðasta ári. Þá voru iðkendur sýnilegir í hlaupamótum og hjólreiðakeppnum einnig.

Stjórn deildarinnar hefur haft í mörgu að snúast. Margar hugmyndir hafa komið upp hjá okkur og aðrar borist okkur með ýmsum hætti. Við höfum reynt að vinna að öllum þessum hugmyndum en oft ræður tíminn úrslitum og einnig peninga. Þó má ekki gleyma að mörgu hefur verið komið í framkvæmd og væri það ekki hægt nema vegna þess að þeir sem starfa innan deildarinnar eru jákvætt fólk með eindæmum og atorkusamt. Ég vil því að lokum þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á þessu starfsári deildarinnar. Margir hafa komið að verki og keppt að því að deildin vaxi og dafni. Það er von mín að deildin haldi áfram að styrkjast og framtíð hennar verði björt og að staða þríþrautarfólks á svæðinu verði bætt enn frekar.

Virðingarfyllt,
Tyrfingur Þorsteinsson
Formaður 3N



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

4.0 Þakkarorð

Ég vil færa öllum þeim þakkir fyrir sem hafa komið að störfum fyrir félagið. Það er ekki sjálfgefinn hlutur að sjá af tíma sínum í þessi störf, en sem betur fer er honum vel varið því hann skilur eftir alveg gríðarlega mikið. Nú þegar störfum mínum líkur hjá stjórn félagsins vil ég færa ykkur öllum þakkir mínar fyrir gott samstarf á stjórnartíma mínum og megi starfssemi félagsins blómstra um ókomna framtíð.

Bolti gegn böli – hreysti til hagsældar
Áfram Njarðvík!

F.h. stjórnar UMFN
Þórunn Friðriksdóttir
Formaður

5.0 Íþróttamaður, íþróttamenn og Íslandsmeistarar Ungmennafélags Njarðvíkur 2013

5.1. Íþróttakarl og íþróttakona UMFN 2013

Elvar Már Friðriksson og Inga María Henningsdóttir

5.2. Knattspyrnukarl UMFN 2013

Theódór Guðni Halldórsson

5.3. Körfuknattleikskarl og körfuknattleikskona UMFN 2012

Elvar Már Friðriksson og Erna Hákonardóttir

5.4. Kraftlyftingarkarl og kraftlyftingarkona UMFN 2013

Þorvarður Ólafsson og Inga María Henningsdóttir

5.5 Sundkarl og sundkona UMFN 2013

Alexander Páll Friðriksson og Sunneva Dögg Friðriksdóttir

5.6. Judókarl og judókona UMFN 2013

Bjarni Darri Sigfússon og Sóley Prastardóttir

5.7. Þríþrautarkarl og þríþrautarkona UMFN 2013

Rafnkell Jónsson og Þuríður Árnadóttir



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

6.0 Íslandsmeistarar UMFN 2012

6.1. Körfuknattleiksdeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.2. Massi – lyftingar og líkamsræktardeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.3. Sunddeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.4. Knattspyrnudeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.5. Judódeild

Sjá skýrslu stjórnar

6.6. Þríþrautardeild

Sjá skýrslu stjórnar

7.0 Heiðursveitingar

7.1. Ólafsbikar 2012 Helgi Helgason

Helgi Helgason sem unnið hefur ótullega fyrir Ungmennafélagið var að þessu sinni veitur Ólafsbikarinn sem gefin er til minningar um Ólaf Thordersen af fjölskyldu hans og skal veittur einstaklingi sem starfað hefur einstaklega vel fyrir félagið. Bikarinn er afhentur á aðalfundi félagsins og var fyrst afhentur 1993.

2012

Helgi Helgason

2011

Guðmundur Gunnarsson

Ólafsbikar framhald;



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

2010

Halldór Rósmundur Guðjónsson

2009

Alexander Ragnarsson & Bylgja Sverrisdóttir

2008

Rafn Vilbergsson

2007

Örvar Þór Kristjánsson

2006

Logi Halldórsson

2005

Haraldur Hreggviðsson

2004

Andrés Ottósson

2003

Erlingur Rúnar Halldórsson

2002

Halldóra Húnbogadóttir

2001

Einar Árni Jóhannsson

2000

Ingólfur Ólafsson

1999

Freyr Sverrisson

1998

Steinunn Sighvatsdóttir

1997

Ólafur Guðbergsson

1996

Freyr Sverrisson

1995

Steindór Gunnarsson

1994

Kristinn Pálsson

1993

Leifur Gunnlaugsson

1992

Júlíus Valgeirsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

7.1. Gullmerki með lárviðarsveig

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

Hilmar Hafsteinsson

7.2. Gullmerki

Gullmerki UMFN fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ Friðrik Ragnarsson
- ❖ Haukur Guðmundsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Gunnar Örn Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Jón Bjarni Helgason
- ❖ Ólafur Thordersen

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Stefán Bjarkason
- ❖ Böðvar Jónsson
- ❖ Guðmundur Snorrason
- ❖ Haukur Jóhannsson
- ❖ Gunnar Þórarinnsson –(afhent á lokahófi knattspyrnudeildar)

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Oddbergur Eiríksson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Gunnar Þorvarðarson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Teitur Örlygsson
- ❖ Kristbjörn Albertsson

7.3. Silfurmerki

Silfurmerki UMFN með fyrir 15 ára frábært starf eða keppni fyrir félagið.

Veitt á aðalfundi UMFN 2012

- ❖ Friðrik E. Stefánsson
- ❖ Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Alexander Ragnarsson
- ❖ Andrés Ari Ottósson
- ❖ Friðrik Pétur Ragnarsson
- ❖ Guðmundur Sæmundsson
- ❖ Júlíus Valgeirsson
- ❖ Magnús Þór Kristófersson
- ❖ Viðar Kristjánsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2009

- ❖ Friðrik Ólafsson
- ❖ Herbert Eyjólfsson
- ❖ Þórður Karlsson
- ❖ Þórunn Þorbergsdóttir

Veitt á aðalfundi UMFN 2008

- ❖ Björn Jóhannsson
- ❖ Edda Ottósdóttir
- ❖ Haraldur Hreggviðsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Veitt á aðalfundi UMFN 2007

- ❖ Einar Árni Jóhannsson
- ❖ G. Elsie Einarsdóttir
- ❖ Gunnar Þórarinnsson
- ❖ Haukur Guðmundsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2006

- ❖ Guðmundur „Brói“ Sigurðsson
- ❖ Hermann Jakobsson
- ❖ Leifur Gunnlaugsson
- ❖ Freyr Sverrisson

7.4 Bronsmerki

Bronsmerki UMFN fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Kristinn Örn Agnarsson
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2011

- ❖ Hörður Birkisson
- ❖ Sturla Ólafsson
- ❖ Sævar Borgarsson

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Bjarni Sæmundsson
- ❖ Friðrik Erlendur Stefánsson
- ❖ Guðni Erlendsson
- ❖ Jóhannes Albert Kristbjörnsson
- ❖ Kristinn Einarsson
- ❖ Páll Kristinsson
- ❖ Sigurður Hilmar Ólafsson



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

7.4 UMFN Skjöldurinn

Viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu félagsins

Veitt á aðalfundi UMFN 2010

- ❖ Sigmundur Már Herbertsson fyrir dómgæslu
- ❖ Helgi Helgason
- ❖ Snorri Jónas Snorrason
- ❖ Thor Ólafur Hallgrímsson

8.0. Reikningar félagsins 2013

8.1 Áritun bókhaldsstofu

9.0 Aðrar skýrslur og viðhengi

9.1. Sport og ævintýraskóli



Skýrsla fyrir sumarið 2013

Sumarið 2013 er fimmta árið sem Andrés Þórarinn Eyjólfsson, íþróttifræðingur heldur utan um Sport- og ævintýraskóla í samvinnu við Ungmennafélag Njarðvíkur. Sport- og ævintýraskólinn er einskona íþrótt- og leikjaskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára.

Helsti tilgangur þessa verkefnis er að auka framboð á afþreyingu fyrir börn sem búsett eru í Innri-Njarðvík, Ytri-Njarðvík og á Ásbrú en námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum börnum Reykjanesbæjar sem eru á áður tilteknum aldri. Aðsetur skólans eru í Íþróttamiðstöð Akurskóla í júní mánuði en í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur í júlí mánuði. Undanfarin ár hefur aðsóknin verið mjög góð og þess má geta að verkefnið hefur hlotið samfélagsverðlaun frá Friðarhlaupinu ([worldharmonyrun.org](http://www.worldharmonyrun.org)) en það er hægt er að nálgast umfjöllun frá heimsókn þeirra á <http://www.worldharmonyrun.org/iceland/news/2011/0706>.

Markmið:

Megin markmið Sport- og ævintýraskólans er að kynna börnum fyrir nærumhverfi sínu og upplifa skemmtilega hluti í góðra vina hópi ásamt því að fá góða kynningu á hreyfingu og helstu íþróttagreinum sem UMFN hefur uppá að bjóða. Skólinn er í góðu samstarfi við allt yngriflokkastarf UMFN og að þessu sinni komu þjálfararnir Einar Árni Jóhannsson(körfubolti), Rafn Markús Vilbergsson (knattspyrna) og Guðmundur Stefán Gunnarsson (Júdó) í heimsókn. Ákveðinn dagur var tileinkaður íþróttagreinunum þar sem þjálfarnir fengu til liðs við sig afreksmenn/konur sem síðan kenndu krökkunum eitt og annað.

Þáttökugjald:

Þáttökugjaldið var 9000 krónur fyrir þriggja vikna námskeið og veittur var 20% systkinaafsláttur.

2

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

10.jún- 14.jún

Hittingur við íþróttahús Akurskóla í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í hópeflisleiki svo allir kynnist hver öðrum betur. Við förum einnig í könnunarleiðangur um Innri-Njarðvík.

Víkinga- og Fjarsjóðsferð Farin verður ferð í fjöruna þar sem við munum leita eftir kröbbum og öðrum sjávardýrum. Það er aldrei að vita nema flöskuskeyti eða fjarsjóður muni finnast við fjöruborðið. Á leiðinni heim munum við kíkja í Víkingaheima og á dýrin í Landnámsdýragarðinum.

Kynning á Júdo (kynjaskipt) / Heimsókn í fyrirtæki Guðmundur yfirþjálfari Júdo deildar UMFN mun taka á móti hópunum og kynna íþróttina. Við förum einnig í leiðangur og heimsækjum óvænt fyrirtæki.

Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:43 (fyrir hádegi) og kl.12:43 (eftir hádegi)

Ásbrúardagur Farið verður uppá Ásbrú í Tómsundurorgið þar sem við munum fara í vinsælustu leikina. Innileikjagarðurinn verður einnig heimsóttur.

Vatnaveröld Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma nesti og sundfötum.

Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:43 (fyrir hádegi) og kl.12:43 (eftir hádegi)

17.jún- 21.jún

17.júní

Frí

Kynning á fótbolta (kynjaskipt) / Ævintýraleikar Rafn yfirþjálfari yngri flokka UMFN kynnr íþróttina ásamt óvæntum gesti. Við munum einnig taka þátt í ævintýraleikum þar sem börnin reyna við Sport- og ævintýramet. Árangurinn er skráður á viðurkenningarskjöl sem veitt verða á lokahátíðinni.

Tarzan og apafjör Börnin fá að spreyta sig í Tarzanþraut í íþróttahúsi Akurskóla og munu aparnir vera með í öllu fjörinu.

Fjörheimar Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er marga skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Mætið tímanlega. Strætó fer kl.8:43 (fyrir hádegi) og kl.12:43 (eftir hádegi)

Rattleikur í dag munum við fara í rattleik þar sem hóparnir fást við ýmsar þrautir og markmið hópanna er að leysa þær. Þessi leikur er í anda raunveruleika- þáttarins Amazing-race.

24.jún- 28.jún

Hjóladaður Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Lögð verður hjólaþraut fyrir þá sem vilja reyna á hjólafærni.

Ferðalag út í óvissuna í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri og muna að taka með sér hollt nesti.

Kynning á körfubolta (kynjaskipt) / Sportleikar Einar Árni yfirþjálfari yngri flokka UMFN kynnir íþróttina ásamt afreksíþróttafólki. Síðan förum við í Sportleika sem eru einskonar ólympíuleikar.

Tívolídagur og Andlitsmálning Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Andlitsmálning og broskallar verða á svæðinu ásamt óvæntri uppákomu!

Lokahátíð Hvetjum fjölskyldur til að koma og taka þátt í nokkrum skemmtilegum leikjum áður en þátttakendur verða leystir út með viðurkenningu fyrir þátttöku.

ATH ! Mæting: Fyrir hádegi kl.10:30-12 Eftir hádegi kl.13-14:30

Námskeiðin:

Júní námskeið

Fyrsta námskeið sumarsins hófst 10.júní og stóð til 28.júní. Alls sóttu 93 krakkar námskeiðið. Flest þessara barna voru á aldrinum 6-9 ára eða um 74 talsins (80%) og börn á aldrinum 10-12 ára voru samtals 19 eða um 20% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júní námskeiðið.

Lagt var af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem Sport og Ævintýri áttu eftir að setja skemmtilegan svip á bæjarlífið í Reykjanesbæ.

3

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

1.júl-5.júl Hittingur við íþróttahús Njarðvíkur í dag er börnunum raðað í hópa. Farið verður í hópeflisleiki svo allir kynnist hver öðrum betur. Við förum einnig í könnunarleiðangur um Njarðvík.

Kynning á Júdo (kynjaskipt) / Heimsókn í fyrirtæki Guðmundur yfirþjálfari Júdo deildar UMFN mun taka á móti hópunum og kynna íþróttina. Við förum einnig í leiðangur og heimsækjum óvænt fyrirtæki.

Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)

Fjöruferð Farin verður ferð í fjöruna þar sem við munum leita eftir kröbbum og öðrum sjávardýrum. Það er aldrei að vita hvað finnst við fjöruborðið. Takið endilega með ykkur ílát undir það sem þið finnið.

Ásbrúar ratleikur í dag munum við fara í ratleik þar sem hóparnir fást við ýmsar þrautir og markmið hópanna er að leysa þær. Þessi leikur er í anda raunveruleika- þáttarins Amazing-race.

Fjörheimar Farið verður í félagsmiðstöðina Fjörheima sem er staðsett á Hafnargötu 88. Þar er margt skemmtilegt í boði og munum við að sjálfsögðu gera okkur glaðan dag.

8.júl-12.júl Kynning á fótbolta og Furðufatabingó Rafn yfirþjálfari yngri flokka UMFN kynnir íþróttina ásamt óvæntum gesti. Einnig verður farið í bingó þar sem óvæntir hlutir munu gerast.

Landnámsdýragarður í dag munum við gera okkur glaðan dag með dýrunum í Landnámsdýragarðinum ásamt því að kíkja í Narfakotsseylu, Stekkjarkot og Víkingaheima.

Hjóladaður Allir að mæta með hjól eða hlaupahjól og hjálm því við ætlum að hjóla á vit ævintýrana. Lögð verður hjólaþraut fyrir þá sem vilja reyna á hjólaferðina.

Ævintýragolf og Sportleikar Börnin fá að prufa að sveifla alvöru golfkylfum. Þeir sem eiga kylfur mega endilega taka þær með sér. Skildi einhver fara holi í höggi? Einnig förum við í Sportleika sem eru einskonar ólympíuleikar.

Tívolídagur og Andlitsmálning Farið verður í heimatilbúið Tívolí þar sem börnin fá að spreyta sig í ýmsum tívolíþrautum. Andlitsmálning og broskallar verða á svæðinu!

15.júl-19.júl Vatnaveröld Farin verður sundferð til Keflavíkur þar sem við munum heimsækja Vatnaveröld. Ekki gleyma nesti og sundfötum.



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Mætið tímanlega. Því Strætó fer kl.8:50 (fyrir hádegi) og kl.12:50 (eftir hádegi)

Ferðalag út í óvissuna í dag er mjög mikilvægt að koma klædd eftir veðri og muna að taka með sér hollt nesti.

Kynning á körfubolta og Ævintýraleikar Einar Árni yfirþjálfari yngri flokka UMFN kynnrir íþróttina ásamt afreksíþróttafólki. Við munum einnig taka þátt í ævintýraleikum þar sem börnin reyna við Sport- og ævintýramet. Árangurinn er skráður á viðurkenningarskjöl sem veitt verða á lokahátíðinni.

Slökkviliðs heimsókn og Innileikjagarður Kíkt verður í heimsókn til slökkviliðsins á keflavíkurflugvelli. Síðan munum við halda uppi fjöri í Innileikjagarðinum.

Lokahátíð Við hvetjum fjölskyldur til að koma og taka þátt í nokkrum skemmtilegum leikjum áður en þátttakendur verða leystir út með viðurkenningu fyrir þátttöku.

ATH ! Mæting: Fyrir hádegi kl.10:30-12 Eftir hádegi kl.13-14:30

Júlí námskeið

Þann 1.júlí fór af stað annað námskeið sumarsins og stóð það fram til 19.júlí. Alls sóttu 46 börn seinna námskeiðið. Enn og aftur voru börn á aldrinum 6-9 ára hlutfallslega fleiri eða um 39 talsins (85%) á meðan börn á aldrinum 10-12 ára voru 7 talsins eða um 15% af heildarfjölda þeirra sem sóttu júlí námskeiðið.

4

Mynd 2. Fjöldi iðkenda í Sport og ævintýraskólanum eftir fæðingarári.

Strákar 38%

Stelpur 62%

Kynjahlutfall

Skráning

Sumarið gekk mjög vel og voru iðkendur Sport- og ævintýraskólans um 139 samanlagt yfir bæði námskeiðin. Ef við skoðum aldurskiptingu á iðkendunum, þá kemur glögglega í ljós að þátttakendur á aldrinum 6-9 ára voru hlutfallslega fleiri en þeir sem eru á aldrinum 10-12 ára (mynd 2). Kynjahlutföllin skiptust þannig að stúlkur voru 62% og drengir 38% (sjá mynd 3).



UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR
STOFNAÐ 1944

SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR ÁRIÐ 2013

Starfsfólk Sport- og ævintýraskólans sumarið 2013:

Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Jóhanna Ingvarsdóttir (umsjón) og Friðrik Árnason (yfirleiðbeinandi á vegum UMFN).

Aðstoðarmenn frá vinnuskólanum á A tímabili voru þau Alexander Hauksson (10.bekkur), Aníta Ösp Ingólfsdóttir (10.bekkur), Tinna Ýr Jónsdóttir (10.bekkur), Guðmundur Kristjánsson (10.bekkur), Aþena Elfur Ingibjargardóttir (9.bekkur), Ólína Erna Jakobsdóttir (9.bekkur), (vildi ekki klára restina), Margrét Áslaug Heiðarsdóttir (10.bekkur), Isabel Guðrún Gomez (10.bekkur), Oddný Svava Steinarsdóttir (10.bekkur), Maríanna Líf Swain (10.bekkur).

Aðstoðarmenn frá vinnuskólanum á B tímabili voru þau Bergsveinn Andri Halldórsson (10.bekkur), Stefán Páll Sigurðsson (10.bekkur), Helga Eden Gísladóttir (10.bekkur), Karen Ýr Eysteinsdóttir (10.bekkur), Bjarmi Anes Eiðsson (9.bekkur), María Rós Benediktsdóttir (10.bekkur), Vilborg Rós Vilhjálmisdóttir (9.bekkur), Elín Margrét Víðisdóttir (9.bekkur), Kristinn Viðar Þorbergsson (9.bekkur)

Mynd 3. Prósentuhlutfall kynja kynja.

5

Þakkir:

Án styrktaraðila eru svona námskeið ekki framkvæmanleg og því vil ég þakka sérstaklega stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur sem hefur unnið hörðum höndum við að aðstoða mig við að gera þetta sumarnámskeið sem allra glæsilegast. Einnig vil ég þakka Reykjanesbæ fyrir 300.000kr styrk ásamt því að fá afnot að mannvirkjum sem við nutum góðs af og ekki má gleyma frábærum krökkum sem unnu sumarvinnu sína hjá Vinnuskólanum og völdu að vinna með Sport- og Ævintýraskólanum. Strætó- Reykjanes á einnig gott hrós skilið fyrir góða þjónustu. Einnig vil ég þakka þjálfum UMFN sem heimsóttu okkur og öllu því góða fólki sem lagði hönd á plóg og færi ég þeim öllum mínar bestu þakkir.

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Íþróttfræðingur

Forstöðu- og ábyrðarmaður Sport- og ævintýraskólans

S:699-2345

andres@fss.is; sportskoli@umfn.is